

Alþingi
Umhverfisnefnd
150 Reykjavík

Ísafirði 3. mars 2003

Umsögn um tillögu til þingsályktunar "um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi". Lögð fram á 128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 55 — 55. mál.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest) lýsir stuðningi við framkomna tillögu og leggur áherslu á að skipan nefndarinnar samkvæmt tillögunni verði hraðað eftir því sem kostur er. Það er álit félagsins að enn sé mögulegt að bregðast við alvarlegri stöðu búsetu í Árneshreppi. Fyrir liggur vilji ungs fólks til áframhaldandi búsetu og með afmörkuðum aðgerðum (samkvæmt nánari tillögu nefndarinnar) geti stjórnvöld tekið markvisst á þessu máli.


Þetta álit Atvest byggir á upplýsingum félagsins vegna vinnu í verkefnum með íbúum og sveitarstjórn Árneshrepps og í samstarfi við aðila s.s. Landvernd. Vilji sveitarstjórnar Árneshrepps liggur fyrir smb samþykkt sveitarstjórnar frá desember 1998. Tillaga og ráðstefna Landverndar í mars 2001, fundur og viðhorfskönnun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem unnin var meðal ungs fólks á árinu 2002, staðfesta vilja íbúanna til áframhaldandi búsetu. Niðurstaða af vinnu félagsins verður kynnt í skýrslu sem kemur út nú um miðjan mars. Í lokaorðum skýrslunnar segir;

„Framtíð búsetu í Árneshrepps stendur á völtum fótum, ekki má dragast að hefja þar aðgerðir ef vilji er til að stöðva og snúa við þróuninni. Ungu fólki hefur fækkað og einungis á einum bæ [af fjórtán] er ungt fólk við búskap í dag og fimm börn eru eftir á grunnskólaaldri. Vitað er af áhuga ungmenna á öðrum bæjum að taka við búi foreldra sinna, en smæð búanna gerir það ekki forsvaranlegt. Allar aðgerðir sem ráðast verður í þurfa þar af leiðandi fyrst og fremst stuðla að því að gera unga fólkinu kleift að byggja sér upp framtíðastörf í sveitarfélaginu .

Hér er byggt á þeirri áhugaverðu niðurstöðu úr viðhorfskönnun meðal ungra Árneshrepps-búa er að flestir geta hugsað sér að flytjast aftur í Árneshrepp ef áhugaverð störf væru í boði. Tengsl flestra við heimasveitina sína eru sterk og jákvæð. Ljóst er hinsvegar líka að unga fólkið gerir talsverð meiri kröfur til nútímasamfélags og samfélagsþjónustu en foreldra þeirra og meiri en aðstæður í Árneshreppi í bjóða upp á í dag“

Atvest er reiðubúið, ef óskað er, til vinnu við áframhald þessa máls.

Virðingarfyllst
f.h. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri